

Umhverfisstofnun
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 28. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0037
IAS

Efni: Kaldárhraun og Gjárnar. Stjórnunar- og verndaráætlun

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 19. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar í Hafnarfjarðarbæ.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér stjórnunar- og verndaráætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Eins og segir í áætluninni þá felst verndargildi Kaldárhrauns og Gjánna fyrst og fremst í sérstæðum jarðmyndunum og óröskuðu helluhrauni. Helstu áskoranir við stjórnun svæðisins eru sagðar akstur utan vega, ágangur gesta á viðkvæmum svæðum og ágengar eða óæskilegar plöntutegundir sem hafa skotið rótum í náttúruvættinu og geta haft neikvæð áhrif á helluhraunið.

Tekið er á akstri utan vega með því að loka svæðinu fyrir vélknúinni almennri umferð og ágangi gesta með fræðslu og stýringu en ekki er eins skýrt hvað átt er við með ágengar eða óæskilegar tegundir eða hvernig brugðist verður við þeim.

Fram kemur í kaflanum Náttúruminjar að trjágróður frá skógrækt í nágrenninu er farinn að sá sér inn í náttúruvættið auk þess sem alaskalúpína hefur dreift sér innan þess. Talið er mikilvægt að uppræta þær tegundir sem geta rýrt verndargildi náttúruvættisins og í aðgerðaráætlun segir m.a.: „*Vöktun á framgangi framandi, ágengra tegunda plantna. Þær sem reynast ágengar eða óæskilegar og ógna verndargildi svæðisins verða upprættar.*“ Þetta þarf að útfæra nánar og tryggja að fjármagn fáið í aðgerðirnar..

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

